

## Samstarfssáttmáli ríkis og sveitarfélaga

Ríkisstjórnin og Samband íslenskra sveitarfélaga gera með sér svohljóðandi samstarfssáttmála:

### 1. gr.

Aðilar eru sammála um að ríkið og sveitarfélögin samræmi, eftir því sem kostur er, stefnu sína í opinberum rekstri með það fyrir augum að unnt verði að ná þeim efnahagsmarkmiðum sem ríkisstjórnin og Alþingi ákvarða á hverjum tíma.

### 2. gr.

Aðilar eru sammála um mikilvægi formlegs samstarfs ríkis og sveitarfélaga með það fyrir augum að auðvelda framangreinda samræmingu. Samstarfið felst í því að ríkisstjórnin hafi frumkvæði um nánar tiltekin atriði í löggjöf eða stjórnarframkvæmd en Samband íslenskra sveitarfélaga hvetji sveitarfélög til að fylgja nánar umsaminni stefnu í fjármálum sínum.

### 3. gr.

Jafnframt eru aðilar sammála um mikilvægi áframhaldandi formlegs samstarfs um efnahagsmál með skipun fjögurra manna embættismannanefndar með fulltrúa félagsmálaráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins og tveimur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nefndin kemur saman allt að fjórum sinnum á ári og fjallar meðal annars um þróun í fjármálum og kjaramálum ríkis og sveitarfélaga. Hún aflar gagna sem lögð skulu fyrir samráðfundi, þar á meðal þjóðhagsspár, upplýsinga um hag og rekstur sveitarfélaga og fjárhag ríkissjóðs ásamt yfirlýsinga um stefnu Alþingis og ríkisstjórnar í efnahagsmálum. Skipunartími nefndarinnar er tvö ár.

### 4. gr.

Samráðsfund skal halda í október eða nóvember ár hvert. Aukafundi skal halda eftir þörfum, ef annar samningsaðili óskar þess. Í samráðsfundum taka þátt af hálfu ríkisins félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra, auk annarra ráðherra, ásamt fulltrúum þeirra, eftir því sem við á. Af hálfu sveitarfélaga tekur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þátt í fundunum, ásamt fulltrúum hennar. Félagsmálaráðherra boðar til samráðsfundanna.

### 5. gr.

Á reglulegum samráðsfundi skal fjalla um ástand og horfur í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar og þróun fjármála ríkis og sveitarfélaga. Enn fremur skal fjallað um fjárlagatillögur einstakra ráðuneyta er snerta hag sveitarfélaga og tillögur um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur samskiptamál þessara aðila. Loks skal fjallað um stefnu ríkisstjórnarinnar varðandi nýja löggjöf er snertir sveitarfélögin, verkefni þeirra og tekjustofna.

### 6. gr.

Til undirbúnings samráðsfunda starfar sérstakur samstarfshópur með tveimur fulltrúum frá hvorum aðila um sig. Félagsmálaráðherra skipar formann samstarfshópsins. Ef ástæða þykir til undirbýr samstarfshópurinn drög að sameiginlegri yfirlýsingu aðila er lögð verði fram á samráðsfundum til afgreiðslu. Samþykkt yfirlýsing skal birt opinberlega og send viðkomandi stjórnvöldum.

7. gr.

Komi fram tillögur um meiri háttar breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og tekjustofnum sveitarfélaga, sem kveðið er á um í lögum eða gert hefur verið sérstakt samkomulag um, skulu þær teknar til umfjöllunar í samráðsnefnd ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga áður en þær eru teknar til formlegrar afgreiðslu hjá aðilum þessa sáttmála, sbr. 101. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

8. gr.

Aðilar eru sammála um að á gildistíma samkomulagsins vinni þeir saman að því að:

- sjálfsstjórnarréttur sveitarfélaganna sé virtur í samræmi við ákvæði Evrópusáttmálans um sjálfsstjórn sveitarfélaga. Sveitarfélög hafi sem mest frjáltsræði til að haga ákvörðunum sínum og athöfnum með hliðsjón af staðbundnum aðstæðum og viðhorfum,
- fulltrúar ríkis og sveitarfélaga hafi svo sem frekast er kostur samráð um málefni er varða sveitarfélögin,
- skilgreina betur hlutverk og ábyrgð ríkis og sveitarfélaga í samstarfsverkefnum.

9. gr.

Samstarfssáttmáli þessi gildir til ársloka 2004 en fyrir októberlok þess árs skulu aðilar taka upp viðræður um endurnýjun hans.

*Reykjavík, 4. desember 2002*

**F.h. ríkisstjórnar Íslands,**

---

Páll Pétursson  
félagsmálaráðherra

---

Geir H. Haarde  
fjármálaráðherra

**F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga,**

---

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson  
formaður

---

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri